Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

05 JAN. 2005

Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk fyrr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingar innar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.

*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Kristján Þórarinsson*







<u>BYGGINGARLÝSING : Íbúðir og innra skipulag:</u> Húsið er á tveimur hæðum og í því eru fjórar íbúðir sem allar hafa sér inngang utan frá. Íbúðir á 1. hæð hafa einkaafnotareiti í garði, næst íbúðum.

<u>Byggingarefni og einangrun:</u> Botnplata er staðsteypt. Kólnunartala plötu er 0,3 W/m²°C, eða betri.Staðsteyptir útveggir eru einangraðir að innanverðu og múrhúðaðir. Að utan eru þeir slétthúðaðir með litmúr(aftari hluti og miðhluti að götu) og steinaðir (fremri hluti með hallandi þaki). Kólnunartala útveggja er 0,4 W/m²°C, eða betri. Svalir eru staðsteyptar með steyptum sléttpússuðum og máluðum handriðum að hluta og að hluta með járnrimlahandriðum (galvanhúð) Þök eru tvenns konar, annars vegar flöt þök og hinsvegar einhalla. Flöt þök eru einangruð á staðsteypta plötu með skáskorinni plasteinangrun, Undir einangrun er heilbræddur tjörupappi. Ofan á einangrun er sjávarmöl. Einahalla þök eru köld, uppstóluð og klædd húðuðu bárustáli. Sérstakar ráðstafanir eru gerðar í undirbyggingu bárustáls þar sem þakhalli er undir 14° sbr. byggingarreglugerð. Ofan á sperrur er klætt með 25x150 mm borðaklæðningu og þar ofan á soðinn þakpappi. Ofan á pappa (á sperrum) eru 50x10 mm listar og þar ofan á eru 45x45 mm lektur sem liggja þvert á stefnu bárujárns, sem neglt er í þær. Kólnunartala þaks er 0,20 W/m²°C, eða betri. Innveggir eru ýmist plötuklæddir eða hlaðnir og múrhúðaðir.

<u>Litir:</u> Steining er ljós en lituð múrhúð er með dekkri lit.

<u>Lagnir og loftræsing:</u> Loftræsing er frá öllum lokuðum, gluggalausum rýmum. Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum, staðsett á teikningum í mkv.1:50. Lóðréttar lagnaleiðir eru almennt í stokkum bakvið salerni. Snjóbræðsla í útitröppum að 2. hæð. Inntök lagna eru skermuð af.

<u>Brunavarnir:</u> Svalir og svalgangur eru REI60 (staðsteypt) og veggir milli íbúða EI90 (staðsteyptir). Klæðningar innanhúss eru a.m.k. í flokki 2. Fjarlægð milli óvarinna glugga tveggja íbúða er a.m.k. 1,2 m.

<u>Lóð og bílastæði:</u> Stærð lóðar: 1.140,4 m². Nýting er 450,7/1.140,4 = 0,39 (leyfileg nýting skv. deiliskipulagi er 0,6) Bílastæði eru 8 og er þeim komið fyrir á lóð (bílastæðaþörf: skv. deilikskipulagi er: 4 íbúðir > 80m² x 2 stæði = 8 bílastæði ).

<u>Sorp:</u> Sorptunnuskýli eru tvö, steinsteypt lokuð með timbri og standa þau á lóð. Fjöldi sorptunna, 4 íbúðir x 1 tunna + 1 = 5 sorptunnur.

<u>Athugasemdir og kvaðir:</u> Engar kvaðir eru á lóð.

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞYKKT | DAGS |
|---|---|---|---|
| A<br>BYGGINGARLÝSING | TH | HMH | 22.12.2004 |

BREYTINGAR


ASK

**Arkitektar Skógarhlíð ehf**
Skógarhlíð 18
105 Reykjavík
Sími 515 0300
Fax 515 0319
www.arkitektar.is

Áritun aðalhönnuðar:

Helgi Már Halldórsson arkitekt FAÍ, kt. 301258-7049


VERKEFNI
# LYNGHVAMMUR 5

HEITI TEIKNINGAR
## AÐALTEIKNING

## AFSTÖÐUMYND GÖTUMYND

MKV. Í A2: 1:500
TEIKNAÐ: HMH
DAGS.: 16.07.2004

VERK NR.: 0244
NÚMER TEIKNINGAR: 10-01
ÚTGÁFA: